

# Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 52. stjórnarfundar 5. desember, 2024 kl. 14:00 – 16:00.

Mætt voru: Örn Viðar Skúlason, Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Diljá Ragnarsdóttir og Dagný Lís Davíðsdóttir sátu fundinn.

## Dagskrá fundar:

### 1. Fundargerð

Fundargerð 51. fundar samþykktar.

### 2. Tillaga framkvæmdastjóra um afgreiðslu umsókna

Framkvæmdastjóri lagði fyrir fundinn að taka afstöðu til einnar umsóknar. Eftir skoðun var ákveðið að samþykkja hana.

Framkvæmdastjóri lagði fyrir fundinn að taka afstöðu til tveggja umsókna þar sem umsækjandi óskar eftir undanþágu frá skilyrði um lögheimili í eign. Í öðru tilvikinu leiddi skoðun í ljós að skilyrði væru uppfyllt en í hinu var það mat stjórnar að nauðsynlegt væri að afla frekari upplýsinga um notkun hússins.

Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

### 3. Umsóknir sem afgreiddar voru milli funda.

Frá síðasta fundi staðfesti stjórn tölulegar upplýsingar í tölvupóstsamskiptum vegna 11 umsókna sem samþykktar voru á fundi 21. nóvember.

### 4. Tillaga framkvæmdastjóra um endurskoðun ákvörðana.

Framkvæmdastjóri lagði fyrir stjórn að taka afstöðu til endurskoðunar á ákvörðunum vegna sjö mála. Í öllum tilvikum var búið að tilkynna umsækjanda um að umsókn yrði hafnað eða honum boðuð höfnun. Samþykkt að eftir nýlega lagabreytingu og/eða skýringar í svarbréfum frá umsækjendum væru nú skilyrði til að samþykkja eina umsókn. Í fimm tilvikum voru forsendur taldar óbreyttar og ekki tilefni til þess að stjórn breyti fyrri ákvörðun. Í einu tilviki taldist umsókn þarfnast nánari skoðunar.

Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

### 5. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Nú hafa borist 985 umsóknir til félagsins. Af þeim eru 841 almenn umsókn og 105 með ýmis frávík. Aðrar umsóknir eru 39 og þar af 28 umsóknir frá búseturéttarhöfum. Alls 924 umsóknir hafa verið samþykktar og er kaupverð þeirra 70,8 ma. kr. Alls 11 umsóknum hefur verið vísað frá. Félagið hefur móttengið 829 eignir.

### 6. Fjárhæð tryggingabréfs

Lánveitendur hafa farið fram á að tryggingarbréf vegna lána sem eru tryggð með veði í húsnæði í eigu félagsins verði hækkað úr 30 ma. kr. í 40 ma. kr. Stjórn samþykkti þá tillögu.

### 7. Öryggismál

Rætt um öryggismál í Grindavík ýmsar ráðstafanir sem félagið hefur gripið til í þeim tilgangi að tryggja öryggi starfsfólks á vegum félagsins í bænum.

### 8. Önnur mál

Næsti fundur á Teams 19. desember 11:00.  
Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 16:00.

